

Vesturbyggð, Ísafjarðarbær
Fjallabyggð, Fjarðabyggð

Dags. 1.10.2020
Tilv. 4754-0-0002
Mál 2020-0222

Varðar: Endurskoðun hættumats undir leiðgarði/leiðigörðum

Eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar sl. þarf að endurskoða hættumat undir nokkrum varnargörðum sem reistir hafa verið hér á landi á síðustu árum. Þar á meðal eru leiðigarðar á Flateyri, á Bíldudal (Búðargil), á Ísafirði (Seljalandshlíð), á Siglufirði (Strengsgil), á Ólafsfirði (við Hornbrekku) og í Neskaupstað (Miðstrandarskarð). Veðurstofan telur réttast að ekki séu að svo komnu máli reistar nýjar byggingar á A-hættusvæðum undir varnargörðum á lóðum ofan núverandi byggðar eða nær varnargörðum en fyrirbyggjandi byggð sem teygja byggðina nær hlíðinni eða nær varnargörðum en nú er. Sér í lagi er ástæða til þess að fara varlega á svæðum sem skilgreind voru hættusvæði C í hættumati fyrir byggingu varnargarða. Á meðfylgjandi korti er sýnt svæðið sem endurskoðun hættumats/draga að hættumati mun ná til í þínu sveitarfélagi. Með drögum að hættumati er vísað til tillögu að hættumati sem sett er fram í frumathugun varnarvirkja sem ekki hefur verið formlega staðfest sem hættumat af umhverfis- og auðlindaráðherra.

Í þessu sambandi má hafa í huga 23. grein hættumatsreglugerðarinnar nr. 505 frá árinu 2000 með síðari breytingum þar sem segir: „Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í huga að öryggi fólks neðan þeirra sé ásættanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.“ Einnig 24. grein sem segir: „Varnir gegn ofanflóðum eru eingöngu reistar til þessað auka öryggi fólks á svæðum sem eru í byggð. Ef kröfum skv. 11. gr. er ekki fullnægt án sérstakra varnarvirkja gegn ofanflóðum er óheimilt að skipuleggja ný áður óbyggð svæði fyrir íbúðabyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi.“ Og 10. gr. „Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist er heimilt að meta af bærnum aðilum hvort til greina komi að þetta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.“ Í anda þessara greina ætti að forðast að reisa ný hús nær varnargörðum en þau hús sem þegar standa.

Jafnframt vill Veðurstofan upplýsa að í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú til athugunar er að breyta reglugerð um hættumat nr. 505 frá árinu 2000 þannig að þessi sjónarmið endurspeglar í ákvæðum reglugerðarinnar um nýtingu hættusvæða undir varnarvirkjum. Í fyrirbyggjandi byggð er nú heimilt skv. reglugerðinni að reisa íbúðarhús með allt að fjórum íbúðum á hættusvæðum A og (sumt) atvinnuhúsnæði á hættusvæðum A og B án sérstakra krafna um styrkingu. Til athugunar er að þessi heimild nái ekki til efstu lóða á svæðum sem varin hafa verið með varnarvirkjum og voru skilgreind sem C-svæði áður en varnarvirkin voru reist. Jafnframt yrðu ákveðin svæði undir varnarvirkjum sérstaklega afmörkuð og tilgreint að þar sé þétting byggðar óæskileg.

Þá er rétt að áréttta að Veðurstofan óskar eftir því að fá áfram til umsagnar skipulags- og byggingaráform á svæðum þar sem er hugsanleg ofanflóðahætta. Á það jafnt við um hættumetin

svæði, svæði þar sem hættumat hefur ekki verið gert og svæði undir varnarvirkjum. Þannig er betur tryggt að tekið sé tillit til ofanflóðahættu við skipulag.

Slóðir á stafræn kort sem fylgja:

vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Bildudalur.pdf
vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Flateyri.pdf
vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Isafjordur.pdf
vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Neskaupstadur.pdf
vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Olafsfjordur.pdf
vedur.is/gogn/snjoflod/varnarvirki/endurskodun-haettumats-2020/Yfirlitskort_endurskodun_haettumats_undir_varnargardi_Siglufjordur.pdf

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands